

## Hæfniviðmið

Málstofa haldin í Sjúalandsskóla - Garðabæ

11.nóvember 2013 kl. 14:30-16:00.

Tengsl námsmarkmiða og hæfniviðmiða

### Samantekt umræðupunkta

Umræðan um hvernig best væri að vinna að hæfniviðmiðum. Hverju þarf að breyta og hvað er í góðu lagi. Flestir skólanna byrjaðir eða í startholunum með að skoða það. Hér er upptalning á því helsta sem var til umræðu. Stærstur hluti tímans fór í vinnu við að prófa að lesa saman markmið einstakra greina mismunandi skólanámskráa og hæfniviðmið aðalnámskrár fyrir sömu greinar og sjá hvort og hvernig skörunin var.

- Gott að gera sér grein fyrir því hvar við erum stödd svo auðveldara byrja samkvæmt nýju verklagi
- Skólarnir eru að vinna að ákveðnum markmiðum og nauðsynlegt vita hvar við erum stödd til að sjá hvað útaf stendur
- Skólanámskrár ríkulegur grunnur sem hægt er að byggja á/vinna með
- Engin ein leið rétt í hvorki hvað varðar val á aðferð eða við samanburð námsmarkmiða og hæfniviðmiða ef sú leið er valin
- Er eitthvað sem segir að ekki megi halda inni námsmarkmiðum/ hæfniviðmiðum sem ekki koma fram í aðalnámskrá.
- Ekki henda því sem vel er gert og við erum ánægð með þó það falli ekki endilega innan hæfniviðmiða aðalnámskrár - skólar mega hafa ákveðna sérstöðu og leggja sínar áherslur til viðbótar við það sem námskrá gerir ráð fyrir.
- Val að lesa saman skólanámskrá og aðalnámskrá, lagfæra og breyta eða byrja frá grunni
- Auðveldara að koma sér af stað í samlestur og nýta það sem vel er gert en að byrja alveg frá grunni.
- Gott að nota sagnorð Bloom þegar fókusinn er á að búa til hæfniviðmið ekki áhersla á það sem á að kenna heldur hæfni einstaklingsins.
- Áhersla á að hæfniviðmið sé metanlegt
- Hætta á einsleitum hæfniviðmiðum þar sem auðvelt er að mæla hæfni - samanber ritgerðir og skrifleg svör.
- Hvernig má tryggja að það verði ekki raunin.